Ár 1975, þriðjudaginn 25. marz, var kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 1/1974 svohljóðandi

úrskurður:

Málavextir eru þessir: Sáttmálasjóður á og rekur samkomuhús Háskólans (Háskólabíó) við Hagatorg í Reykjavík. Árið 1972 lagði Reykjavíkurborg fasteignaskatt á fasteign þessa. Með bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar, dags. 5. júní 1973, var þess krafizt, að álagning þessi yrði felld niður, þar sem fasteign þessi væri undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, með því að samkomuhúsið væri ekki rekið í ágóðaskyni í merkingu téðrar lagagreinar.

Yfirfasteignamatsnefnd kvað upp úrskurð um þetta ágreiningsefni hinn 23. apríl 1974. Í þeim úrskurði slær Yfirfasteignamatsnefnd því föstu, að samkomuhúsið sé sumpart rekið í ágóðaskyni og sumpart ekki. Um þetta segir m.a. svo í úrskurðinum:

„Yfirfasteignamatsnefnd telur, að með venjulegum kvikmyndahúsrekstri sé samkomuhúsið rekið í ágóðaskyni, en ekki að því, er varðar „Mánudagsmyndirnar". Ber því að gjalda hlutfallslegan fasteignaskatt af þessum rekstri."

Enn segir eftirfarandi í úrskurði þessum:

„Yfirfasteignamatsnefnd fellst á það, að samkomuhúsið sé ekki rekið í ágóðaskyni, að því er varðar rekstur þess í þágu Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sama máli gegnir um þá notkun hússins, er fram fer í þágu Háskóla Íslands, háskólastúdenta og vísinda. Þá er einnig rétt að taka nokkuð tillit til þeirrar notkunar hússins, sem á sér stað við flutning á viðamiklum tónverkum á vegum annarra, heldur en Sinfóníuhljómsveitar Íslands og telja, að þar sé samkomuhúsið heldur ekki rekið í ágóðaskyni.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið, telur Yfirfasteignamatsnefnd, að samkomuhús Háskólans sé að hluta rekið í ágóðaskyni í merkingu 5. gr. laga nr. 8/1972 og beri að greiða fasteignaskatt hlutfallslega miðað við þá notkun.

Úrlausn um hlutfallslega skiptingu fasteignamatsverðs umræddrar fasteignar á þessum grundvelli, heyrir hins vegar eigi á þessu stigi undir úrskurð Yfirfasteignamatsnefndar, heldur millimatsmanna í Reykjavík, sbr. meginreglur 6. gr. laga nr. 8/1972 og 7.-8. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt."

Í samræmi við þennan úrskurð, lagði Gjaldheimtan í Reykjavík mál þetta fyrir millimatsmenn í Reykjavík með bréfi, dags. 25. júní 1974, með beiðni um, að þeir mætu hlutfallslega skiptingu á notkun samkomuhússins í samræmi við tilætlun Yfirfasteignamatsnefndar.

Millimatsmenn í Reykjavík, þeir Pétur Stefánsson og Þóroddur Th. Sigurðsson, skiluðu mati sínu hinn 25. febrúar 1975. Mat þeirra hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„Vér höfum gaumgæft úrskurð Yfirfasteignamatsnefndar viðvíkjandi ofannefndu málefni frá 23. apríl 1974 og komist að þeirri niðurstöðu, að hann leiði eigi til einhlítrar úrlausnar, nema frekari skilgreiningar komi til.

Vér viljum þó benda á tvær úrlausnir, sem báðar gætu að okkar mati samræmst fyrrgreindum úrskurði, en þær eru:

__Úrlausn A.__

__Forsendur að lausn:__

1. Húseignin er skattlögð sem hvert annað kvikmyndahús og 100% árlegur nýtingartími skilgreinist sem hér segir:

   | | | | |
   |---|---|---|---|
   | a) 51 sunnudagur | @ 8 klst. | = | 408 klst. |
   | b) 308 virkir dagar | @ 6 " | = | 1.848 " |
   | | Samtals: | | 2.256 klst. |

2. Venjulegur notkunartími „kvikmyndahúsa" skilgreinist sem hér segir:

   a) Á sunnudögum frá kl. 15 til 23.
   b) " „virkum dögum" frá kl. 17 til 23.

3. Af heildarbyggingarkostnaði hússins munu 20% hafa verið tilkomin vegna væntanlegs hljómleikahalds, og húsið skattfrjálst hlutfallslega samkvæmt því.

4. Auk frádráttar skv. lið 3, kemur lækkun á gjaldskyldu vegna skattfrjálsrar notkunar innan hefðbundins notkunartíma kvikmyndahúsa, skv. lið 2. hér á undan.

   Notkun þessi telst vera:

   | | |
   |---|---|
   | a) Sýningar á mánudagsmyndum 51 dagur x 6 klst. | = 306 klst/ári |
   | b) Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar 24 x 4 klst. | = 96 " " |
   | c) Aðrir tónleikar 6 dagar x 4 klst. | = 24 " " |
   | | Alls 426 klst/ári |

5. Húsnæði leigt Landsbanka Íslands, telst metið á kr. 1.360 þús. og skattleggist að fullu.

Niðurstöður skv. ofannefndum forsendum, yrðu sem hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Skattflokkur | 0 | = | 34,6% | (skattfrjálst) |
| " | b | = | 65,4% | (15) |

__Úrlausn B.__

__Forsendur að lausn:__

1. Ekki er tekið tillit til 20% aukningar á byggingarkostnaði vegna hljómleikahalds.

2. Æfingart. Sinfóníuhljómsveitar og önnur „skattfrjáls" notkun hússins að viðbættri „skattskyldri notkun" þess, telst 100% nýtingartími.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, er það mat okkar, að „100% nýtingartími" séu 3497 klst. á ári, þar af:

a) Skattskyldar 1830 klst.
b) Skattfrjálsar 1657 " .

3. Húsnæði leigt Landsbanka Íslands skattleggist sér, sbr. Úrlausn A.

Niðurstöður skv. ofannefndum forsendum, yrðu sem hér segir:

Skattflokkur O = 46,1% (skattfrjáls)
" b = 53,9% (1%)

Þar til fyrir liggur úrskurður um fyrrgreindar forsendur, ellegar aðrar forsendur, sjáum vér oss eigi fært að kveða úr um einhlýta skiptingu milli skattflokka."

Með bréfi, dags. 26. febrúar 1975, skaut Gjaldheimtan í Reykjavík máli þessu á ný til Yfirfasteignamatsnefndar til úrskurðar „um gjaldskyldu og gjaldstofn", eins og tekjustofnalögin ætlast til. Í bréfi þessu er m.a. bent á það, að í væntanlegu dómsmáli út af úrskurði nefndarinnar muni verða gerðar varakröfur og sé því nauðsynlegt m.a. þess vegna, að fyrir liggi vitneskja um, hvernig sá hluti skattsins, sem ekki beri að greiða samkvæmt úrskurði nefndarinnar, sundurliðast (í %) eftir hinum ýmsu ástæðum, sem liggja til grundvallar skattfrelsinu, þ.e.a.s., hve mikill hluti skattfrelsisins sé vegna Sinfóníuhljómsveitar, hve mikill hluti vegna notkunar í þágu Háskólans, hve mikill hluti vegna „mánudagsmynda" o.s.frv.

Yfirfasteignamatsnefnd hefir átt viðræðufund við framangreinda millimatsmenn út af málefni þessu.

Yfirfasteignamatsnefnd er á einu máli um það, að „Úrlausn B." í millimatinu frá 25. febrúar 1975 sé í samræmi við vilja Yfirfasteignamatsnefndar samkvæmt úrskurði hennar 23. apríl 1974. Samkvæmt þessu úrskurðast, að gjalda skal fasteignaskatt af samkomuhúsi Háskólans að 53,9% hlutum, en 46,1% er skattfrjálst.

Gjaldheimtan í Reykjavík hefir óskað eftir skiptingu á hinni skattfrjálsu prósentu. Þykir nefndinni rétt að verða við þeirri ósk, og úrskurðast skiptingin sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| a) | Vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands ............ | 36,1% |
| b) | " „Mánudagsmyndanna" ...................... | 8,5% |
| c) | " Háskólans, háskólastúdenta og vísinda ... | 0,8% |
| d) | " flutnings á viðamiklum tónverkum á vegum annarra en Sinfóníuhljómsveitar ......... | 0,7% |
| | | 46,1% |

ÚRSKURÐARORÐ:

Gjalda skal fasteignaskatt af samkomuhúsi Háskólans við Hagatorg sem hér segir:

a) Skattskylt er 53,9% af fasteigninni.

b) Skattfrjáls er 46,1% af fasteigninni, sem skiptist samkvæmt framanskráðu.

Torfi Ásgeirsson

Magnús Thoroddsen

Pálmi Jónsson